

Ákvörðun nr. 46/2023  
Mánudagurinn, 18. desember 2023

## Kaup IS Haf fjárfestinga slhf., á að lágmarki 40% hlut í KAPP ehf.

1. Þann 26. september 2023 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup IS Haf fjárfestingar slhf. (hér eftir „IS Haf fjárfestingar“) á að lágmarki 40% hlut í KAPP ehf. (hér eftir „KAPP“). Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 5. og 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/202, og upplýsti eftirlitið að samrunatilkynning teldist fullnægjandi. Með hliðsjón af 2. mgr. 8. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020 byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða 27. september 2023. Málið var til lykta leitt með undirritun sáttar þann 12. desember sl.
2. Með bréfi dags 31. október 2023, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að ástæða væri til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans. Við athugun á samrunanum leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga samrunaskrá, fyrirliggjandi gagna og fyrri ákvarðana eftirlitsins.
3. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Með kaupunum eignast IS Haf fjárfestingar 40% hlut í KAPP og samkvæmt fyrirliggjandi gögnum öðlast félagið þar með sameiginleg yferráð yfir hinu selda. Með hliðsjón af framangreindu er að mati Samkeppniseftirlitsins um að ræða samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.
4. Í samrunaskrá kemur fram að IS Haf fjárfestingar sé sérhæfður sjóður í skilningi laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sem stundi fjárfestingarstarfsemi, einkum kaup, sölu og eignarhald hlutabréfa, annarra fjármálagerninga og hluta í einkahlutafélögum, fjárfestingu í fyrirtækjum og hlutum og öðrum fjármálagerningum útgefnum af þeim, rekstur eignarhaldsfélaga, lánastarfsemi tengdum fjárfestingum og tengdan rekstur í samræmi við fjárfestingarstefnu félagsins. Um lokaðan sjóð sé að ræða og á meðal helstu fjárfesta séu íslenskir lífeyrissjóðir og Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.
5. Sjóðurinn var stofnaður í upphafi árs 2023 og er stýrt af Íslandssjóðum hf. (hér eftir „Íslandssjóðir“) sem sé í eigu Íslandsbanka hf. (hér eftir „Íslandsbanki“). Íslandssjóðir séu með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021 og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020.
6. Í samrunaskrá segir jafnframt að KAPP sé einkahlutafélag sem starfi við framleiðslu á ísvélum og fylgihlutum þeirra, sölu og uppsetningu á kæli- og frystikerfum, auk framleiðslulínu fyrir sjávarútveg. Starfsemi félagsins sé nánar lýst sem véla-, kæli, og renniverkstæði fyrir hvers kyns iðnað. Félagið þjónusti kælibúnað og annan véla og tækjabúnað fyrir allan iðnað. Þá framleiði félagið eigin vélar og tæki fyrir matvælaiðnaðinn og veiti faglega ráðgjöf ásamt því að



þjóða upp á ýmsar lausnir, hönnun og sérsmíði. Einnig sé r félagið heildsali fyrir ýmsan kælibúnað og varning fyrir flutningaiðnaðinn.

7. Freyssynir ehf. eru samkvæmt samrunaskrá eignarhaldsfélag og fer með sameiginleg yfirráð með kaupanda yfir félaginu. Félagið starfi að sögn samrunaaðila við fjárfestingar, kaup og sölu fasteigna, umboðssölu, smá- og heildsölu, ásamt rekstri fasteigna, lánastarfsemi og fjársýslu. Önnur félög í eigu seljanda eru:
  - FF Fasteignir ehf.
  - Garðavegur ehf.
  - GEFA ehf.
  - Kælifélagið ehf.
8. Þar sem ekki sé skörun í starfsemi samrunaaðila eða félaga í samstæðu þeirra, né sé kaupandi að taka yfir starfsemi fyrirtækis sem framleiðir og/eða selur aðföng fyrir starfsemi hins, er hvorki um láréttan né lóðréttan samruna að ræða að mati samrunaaðila. Ljóst sé því að fjárfesting og kaup IS Haf fjárfestinga á KAPP teljist til samsteypusamruna í samkeppnisréttarlegum skilningi. Nánar er fjallað um markaðsskilgreiningar hér að neðan og þá næst áhrif samrunans.
9. Telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni getur stofnunin gripið til íhlutunar með setningu skilyrða sem tryggja eiga virka samkeppni, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í ákvörðun þessari er gerð grein fyrir forsendum fyrir íhlutun vegna þess samruna sem hér er til umfjöllunar. Ásamt því er gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem eftirlitið telur nauðsynlegt að samrunaaðilar lúti í starfsemi sinni í þeim tilgangi að koma í veg fyrir samkeppnislegar hindranir sem samruninn myndi annars geta leitt af sér.
10. Af hálfu samrunaaðila er á því byggt í samrunaskrá að markaður kaupanda afmarkist við fjárfestingar í sjávarútvegi og annarri haftengdri starfsemi. Seljandi sé einkahlutafélag sem starfi við fjárfestingar, kaup og sölu fasteigna, umboðssölu, smá- og heildsölu, ásamt rekstri fasteigna, lánastarfsemi og fjársýslu. KAPP starfar við framleiðslu, sölu og þjónustu á kæli- og frystikerfum. Samrunaaðilar telja að markaður málsins sé framleiðsla, sala og þjónusta á kælikerfum fyrir verslun og iðnað, þ.m.t. útflutning á frystivörum. Í samrunaskrá byggja samrunaaðilar á því að landfræðilegur markaður sé Ísland.
11. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins sem gefur tilefni til að skilgreina vörumarkaðinn með öðrum hætti en samrunaaðilar hafa talið, en ekki er þó tekin formleg afstaða til viðkomandi markaða þar sem þess er ekki þörf í ljósi sáttar og niðurstöðu málsins.
12. Samkeppniseftirlitið telur ljóst að um sé að ræða svokallaðan samsteypusamruna þar sem samrunaaðilar starfa ekki á sama markaði. Samkeppnisleg áhrif skapast því ekki vegna aukinnar samþjöppunar eða lóðréttra áhrifa. Hins vegar liggur fyrir að mögulegir samkeppnisbrestir kunni að skapast vegna tengsla viðskiptabanka, þ.e. Íslandsbanka, við fyrirtæki í samkeppnisrekstri.
13. Samkeppniseftirlitið hefur frá hruni beitt sér gagnvart samkeppnisbrestum sem stafað geta af eignarhaldi banka og lífeyrissjóða á atvinnufyrirtækjum, en eignarhald þessara aðila getur við tiltekna aðstæður skapað hættu á samkeppnishindrunum. Samruni þessi er þó ólíkur því þegar viðskiptabanki á beinan eignarhlut í fyrirtæki á samkeppnismarkaði. Hér er um að ræða að dótturfélag Íslandsbanka, Íslandssjóðir, rekur fjárfestingarsjóð sem fjárfestir í fyrirtæki.



14. Þrátt fyrir það lítur Samkeppniseftirlitið svo á að í eignarhaldi Íslandsbanka á Íslandssjóðum felist sterk tengsl sem geti undir vissum kringumstæðum verið grundvöllur samkeppnisbresta. Í því sambandi má nefna að hvati getur verið fyrir viðkomandi samstæðu að halda viðskiptum innan hennar og beina fyrirtækjum í viðskipti við fyrirtæki innan samstæðunnar. Meðal annars af þessum ástæðum hefur Samkeppniseftirlitið talið nauðsynlegt að setja skilyrði sem mæla fyrir um sjálfstæði þessara félaga gagnvart hverju öðru, þ.e. Íslandsbanka og Íslandssjóða. Með tölvupósti dags. 6. nóvember 2023, lýstu Íslandssjóðir yfir vilja sínum til að gangast undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f samkeppnislaga með það að markmiði að sporna gegn skaðlegum hagsmunatengslum eða öðrum samkeppnishindrunum sem stafað gætu af eignarhaldi IS Haf fjárfestinga á KAPP og beinu og óbeinu eignarhaldi eigenda IS Haf fjárfestinga á öðrum atvinnufyrirtækjum.
15. Íslandsbanki og Íslandssjóðir hafa áður gengist undir skilyrði sem ætlar er að tryggja óhæði á milli fyrirtækjanna, sbr. ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 21/2014, nr. 44/2017 og nr. 3/2019. Eru umræddar sáttir atviksbundnar að því leyti að þær varða viðkomandi fjárfestingasjóð, Íslandssjóði og þau atvinnufyrirtæki sem eiga hlut hverju sinni.
16. Með ákvörðun þessari og þeirri sátt sem greinir í ákvörðunarorði hafa Íslandssjóðir og Samkeppniseftirlitið sammælt um skilyrði sem ætlað er að koma í veg fyrir neikvæð samkeppnisleg áhrif sem geta hlotist af yfirráðum Íslandssjóða og sjóða þess á fyrirtækjum á samkeppnismarkaði, með heildstæðri sátt sem ekki er atviksbundin og tekur á áður nefndum atriðum og sömu hagsmunaárekstrum sem fyrri sáttir aðilanna hafa varðað, án tillits til þess hvaða fyrirtæki eða fjárfestingar eiga í hlut hverju sinni.
17. Í máli þessu hafa Íslandssjóðir og IS Haf fjárfestingar því gengist undir skilyrði sem tryggja eiga meðal annars sjálfstæði KAPP og dótturfélaga, gagnvart Íslandsbanka Samkeppniseftirlitið lítur svo á að þar með sé komið í veg fyrir mögulegar samkeppnisraskanir sem annars kynnu að leiða af aðkomu samstæðu Íslandsbanka að samrunanum. Einnig lítur Samkeppniseftirlitið svo á að sáttin komi í veg fyrir mögulega röskun á samkeppni sem kynni að leiða af almennri aðkomu Íslandssjóða og Íslandsbanka að fyrirtækjum á samkeppnismarkaði og jafnvel keppinautum. Í síðari málum kunna þó tiltekin tengsl eða samþjöppun á mörkuðum að koma til sjálfstæðrar skoðunar, t.a.m. ef sjóðir í rekstri Íslandssjóða fjárfesta í keppinautum. Aðilarnir undirrituðu sáttina 12. desember 2023 og eru skilyrði hennar með þeim hætti sem greinir í ákvörðunarorði, sbr. 17. gr. f samkeppnislaga. Þarfnast þau ekki frekari skýringa.

## I. Ákvörðunarorð

**Kaup IS Haf fjárfestinga slhf. á að lágmarki 40% hlut í KAPP ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Með heimild í 17. gr. c samkeppnislaga setur Samkeppniseftirlitið samrunanum skilyrði, sbr. sátt eftirlitsins og samrunaaðila, dags. 11. desember 2023. Með setningu eftirfarandi skilyrða er ekki þörf á ógildingum samrunans.**



## SÁTT

### Samkeppniseftirlitsins, Íslandssjóða hf. og Íslandsbanka hf. varðandi sjálfstæði atvinnufyrirtækja

Íslandssjóðir hf. (hér eftir „Íslandssjóðir“), Íslandsbanki hf. (hér eftir „Íslandsbanki“) sem móðurfélag Íslandssjóða og Samkeppniseftirlitið hafa gert með sér sátt í samræmi við 17. gr. f samkeppnislaga nr. 44/2005 og 15. gr. reglna nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum sem skal gilda þegar sérhæfðir sjóðir í rekstri Íslandssjóða fara með yferráð á atvinnufyrirtækjum skv. 17. gr. samkeppnislaga.

#### 1. gr.

##### Almennt

Markmið sáttar þessarar er að sporna gegn skaðlegum hagsmunatengslum eða öðrum samkeppnishindrunum sem stafað geta af yferráðum Íslandsbanka, Íslandssjóða eða sérhæfðra sjóða („sjóðirnir“), á atvinnufyrirtækjum, („atvinnufyrirtæki“), sem og beinu og óbeinu eignarhaldi hluthafa sjóðanna á keppinautum slíkra atvinnufyrirtækja. Skulu Íslandssjóðir eins og þeim frekast er unnt tryggja sjálfstæði atvinnufyrirtækja á þeim mörkuðum sem þeir og dótturfélög þeirra starfa á.

#### 2. gr.

##### Sjálfstæði atvinnufyrirtækja

- a) Stjórnarmenn atvinnufyrirtækja skulu vera óháðir Íslandsbanka. Þeir teljast óháðir ef þeir eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá bankanum, framkvæmdastjórar eða stjórnarmenn hjá fyrirtækjum þar sem bankinn eða dótturfélög eiga meira en 20% eignarhlut, eru ekki markar stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra (forstjóra) hjá ofangreindum aðilum eða skyldir þeim í beinan legg. Einnig telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki verulega háður Íslandsbanka hf. eða tengdum félögum í störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstörfum fyrir framangreinda aðila og hafa meirihluta tekna sinna af viðskiptum við þá uppfylla ekki þetta skilyrði. Þó er heimilt að skipa starfsmenn Íslandssjóða sem uppfylla önnur skilyrði þessarar sáttar, í stjórn atvinnufyrirtækja.
- b) Þeir sem Íslandssjóðir skipa í stjórn atvinnufyrirtækja skulu ekki vera tengdir keppinautum viðkomandi atvinnufyrirtækis í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á við um maka ofangreindra aðila í gegnum atvinnu sem lykilstarfsmenn, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á við um maka ofangreindra aðila í gegnum atvinnu sem lykilstarfsmenn, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á einnig við um forstjóra, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmenn sem Íslandssjóðir koma að ráðningu á.
- c) Forstjórar og framkvæmdastjórar atvinnufyrirtækja sem Íslandssjóðir koma að ráðningu á, svo og stjórnarmenn sem sitja í stjórn atvinnufyrirtækja fyrir hönd Íslandssjóða, skulu undirrita yfirlýsingu. Í henni felst að hlutaðeigandi lýsir því yfir að hann hafi kynnt sér þau fyrirmæli sem felast í sátt þessari og hann heiti því að virða þau að öllu leyti að viðlagðri ábyrgð.

#### 3. gr.

##### Upplýsingagjöf til hluthafa atvinnufyrirtækja



Stjórn og starfsmenn atvinnufyrirtækja skulu haga samskiptum við hluthafa viðkomandi atvinnufyrirtækis með þeim hætti að samkeppni á þeim mörkuðum sem atvinnufyrirtækið starfar á sé ekki raskað. Í upplýsingamiðlun til hluthafa atvinnufyrirtækis, sem á eignarhlut í keppinaut viðkomandi atvinnufyrirtækis, skal þess gætt að aðeins séu veittar nauðsynlegar upplýsingar sem hluthafar eiga rétt til í krafti eignarhalds síns, og eðlilegt má telja að þeir fái í því ljósi, en gæta þess að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem skaðað geta samkeppni berist ekki til þeirra.

#### 4. gr.

### Viðskipti á milli Íslandsbanka og Íslandssjóða eða fyrirtæki með rekstrarsamning við Íslandssjóði

Samningar sem gerðir eru um tiltekna þjónustu á milli Íslandsbanka og atvinnufyrirtækja með rekstrarsamning við Íslandssjóði eða fyrirtækja í eigu sjóða sem Íslandssjóðir hafa umsjón með, skulu gerðir á viðskiptalegum forsendum eins og um viðskipti á milli ótengdra aðila væri að ræða.

#### 5. gr.

### Kynning

Íslandssjóðir bera ábyrgð á því að kynna efni þessarar sáttar fyrirstjórnarmönnum og starfsmönnum félagsins, stjórnarmönnum sem og lykilsstarfsmönnum Íslandsbanka og stjórnarmönnum og lykilsstarfsmönnum þeirra atvinnufyrirtækja sem Íslandssjóðir fara með bein eða óbein yfirráð yfir, sem og fulltrúum hagsmunaráða sjóða í rekstri Íslandssjóða.

#### 6. gr.

### Brottfall skilyrða

Skilyrði sáttar falla úr gildi þegar Íslandssjóðir eða sjóðir í umsjón félagsins hafa ekki lengur yfirráð yfir atvinnufyrirtæki. Aðilum er heimilt, sameiginlega eða hver fyrir sig, á hverjum tímapunkti að óska eftir því að skilyrði þessi verði felld úr gildi, að hluta eða í heild, vegna breyttra forsendna, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

#### 7. gr.

### Viðurlög

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í ákvörðun þessari varða viðurlög skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson